

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2602
komudagur 22.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22.05.2012
Tilvísun vor: 98.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. – þingskjal 1166 – 728. mál.

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., með síðari breytingum (innleiðing EES-gerðar), þingskjal 1166 - 728. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.

Innleiðing á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB er mikilvæg bæði fyrir íslensk orkufyrirtæki og íslenska ríkið til að geta nýtt þau tækifæri sem felast í tilskipuninni og þeim markmiðum sem Evrópusambandsríkin hafa sett sér hvað varðar aukningu á hlut endurnýjanlegrar raforku fyrir árið 2020. Með innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar verður íslenskum orkufyrirtækjum mögulegt að taka fullan þátt í viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Auk þess eru mikil tækifæri fólgin í sérstöðu Íslands hvað varðar 2020 markmið Evrópusambandsins, þar sem Ísland hefur nú þegar náð sínum markmiðum varðandi aukningu á hlut endurnýjanlegrar orku. Á sama tíma þurfa flest önnur Evrópulönd að leggja töluvert fjármagn í það að ná sínum markmiðum og jafnvel leita til annarra landa.

Landsvirkjun gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og leggur áherslu á mikilvægi frumvarpsins og að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Velvirðingar er beðist á því að umsögn þessi var ekki send nefndinni innan tímafrests.

Virðingarfyllt



Hörður Arnarson
forstjóri